



Delludagar

ÍSLE1DE05

Kennsluáætlun vorönn 2018

Kennarar áfangans:

Gísli Skúlason og Ragnildur Elísabet Sigfúsdóttir

Áfangalýsing:

Nemendur vinna ýmiss konar verkefni tengd áhugasviði sínu og/eða starfsvali. Jafnframt þjálfast þeir í notkun móðurmálsins.

Ritun: Ýmsar tegundir ritsmíða, svo sem lýsingar, viðtöl, og önnur umfjöllun tengd viðfangsefnum sem nemendur velja sér.

Lestur: Nemendur lesa Laxdælu, kynna sér viðfangsefni sín og afla upplýsinga um þau.

Málnotkun: Nemendur þjálfast í að fjalla um og kynna valin viðfangsefni skriflega og munnlega.

Framsögn: Kynningar og greinargerðir tengdar viðfangsefnum nemenda.

Forkröfur: ÍSLE1LR05

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallaratriðum í ritun, svo sem efnisgreinum, greinarmerkjum og byggingu ritsmíða
- muninum á huglægni og hlutlægni
- muninum á nokkrum tegundum ritsmíða, svo sem lýsingum, frásögnum og viðtölum, og því helsta sem hver tegund þarf að innihalda
- nokkrum helstu hjálpargögnum við vinnslu og frágang texta

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lýsa og gera grein fyrir viðfangsefnum sínum á áhugaverðan og skýran hátt
- draga saman aðalatriði og gera grein fyrir þeim
- afla upplýsinga úr heimildum

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- meta heimildir og upplýsingar og taka afstöðu til þeirra
- velja sér viðfangsefni og gera grein fyrir þeim
- kynna sér viðfangsefni til hlítar

Kennslubækur og kennslugögn

- Laxdæla saga (skólaútgáfa með skýringum eða rafbók ókeypis á vefnum rafbokavefur.is). Nemendur með greiningu um lesblindu er bent á að ná sér í hljóðbók og nýta sér hana.
- Efni frá kennara.

ÁÆTLUN UM KENNSLU OG YFIRFERÐ Á ÖNNINNI

(SJÁ NÁNARI SKILGREININGU Á MOODLE)

Vika	Dags.	Verkefnavinna
1	5. janúar	Áfanginn kynntur.
2	8.-12. janúar	Byrjað að lesa Laxdælu. Lota 1 , delluskoðun.
3	15.-19. janúar	Ritunarloti 1.
4	22.-26. janúar	Ritunarloti 1.
5	29. jan.-2. febrúar.	Lotu 1 lokið, skil.
6	5.-9. febrúar	Lota 2. Próf 1 úr Laxdælu, kaflar 7-33. Verkefni.
7	12.-16. febrúar	Verkefni, umræður, ígrundun.
8	17.-23. febrúar	Próf 2 úr Laxdælu, kaflar 34-55, verkefni.
9	26. feb.-2. Mars Kátir dagar og flóafár miðv.-föstud.	Verkefni, umræður, ígrundun.
10	5. – 9. mars Miðannarmat hefst	Verkefni tengd Laxdælu.
11	12.-16. mars	Próf 3 úr Laxdælu, kaflar 56-88. Verkefni.
12	19.-23. mars	Verkefnum lokið um Laxdælu.
13	26. mars	Páskafri hefst.
14	3.-6. apríl	Lota 3: Dellur, verkefni.
15	9.-13. apríl	Verkefni tengd dillum, framhald, skil.
16	16.-20. apríl Sumardagurinn fyrsti 19. apríl	Lota 4: Lokaverkefni valið og unnið.
17	23.-27. apríl	Lokaverkefni unnið.
18	30. apríl. – 4. maí Frí 1. Maí	Lokaverkefni kynnt.
19	7.-9. maí	Uppsóp.

Vægi námsþátta í vetrareinkunn

- Lota 1: 20%
- Lota 2: 30% (próf og verkefni tengd Laxdælu)
- Lota 3: 20% (verkefni um dellur)
- Lota 4: 20% (skil og flutningur lokaverkefna)
- Ástundun og virkni: 10%

Námskröfur og verkefnaskil

Ekkert lokapróf er í þessum áfanga og er því ætlast til að nemendur undirbúi sig mjög vel fyrir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi; undirbúningi jafnt sem upprifjun. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimavinna sem því nemur.

Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á Moodle en einnig er hægt að hafa samband við kennara. Þeir nemendur sem eru löglega afsakaðir fá að taka sjúkrapróf.

Allir nemendur þurfa að hafa reglulegan aðgang að tölvu, jafnt í kennslustundum og heimanámi.

Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara.

Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Gert með fyrirvara um breytingar, F.Su. 4. janúar 2018

Gísli Skúlason, Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir.